

Dags. fundar: 6. október 2014	Tími: 17.15.	Nr. fundar: 44
Fundarboðari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Fundarritari: Ólafur Baldursson	Staður: Ásvallalaug.

Efni fundar:

1. Breyting á nefndinni.
2. FINA Swimming Officials Schools 2015.
3. Skráning dómara á Smáþjóðaleika.
4. Vefsíða SSÍ.
5. Staða dómara úti á landi.
6. Dómgæslubeiðnir á SSÍ mót.
7. Merkingar dómara.
8. Önnur mál.
 - a. Team Reykjavík – ÍBR (Íþróttabandalag Reykjavíkur).
 - b. Fyrirspurnir vegna dómara réttinda.

Viðstaddir: Ólafur Baldursson, Jón Hjaltason, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir, Hilmar Örn Jónasson og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

Boðaði forföll: Björn Valdimarsson.

Dagskrá:

1. Gunnlaugur Þráinsson, Ægi hefur óskað eftir að hætta í nefndinni vegna anna. Af nefndarinnar hálfu er það samþykkt og honum þökkúð kærlega störfín undanfarín ár..
2. DMT nefndin er spennt fyrir því að FINA Swimming Officials School komi hingað til lands 2015. Nefndin leggur til að reynt verði að fá kennara til landsins helgina 17.-18. janúar 2015, til vara 7.-8. febrúar 2015. Ekki eru mót á þessum helgum skv. atburðardagatali SSÍ en skólinn er hugsaður til tveggja daga.
3. Skráningar til dómgæslu á Smáþjóðaleikana fara vel af stað. U.þ.b. 30 dómara þarf til starfa í hvern hluta og eru nú þegar 18 búnir að skrá sig í alla hluta og 8 í tvo daga eða fleiri. Einnig hafa nokkrir haft samband og sýnt áhuga en eiga eftir að staðfesta hversu marga hluta þeir geta unnið við. Skráningum verður að vera lokið um mánaðarmótin nóvember/desember.
4. Rætt um uppsetningu dómarahluta vefsíðu SSÍ. Lagt til að eyðublöð og reglur sem tilheyra dómaramálum fái nafnið Mótamál eða Að halda mót. Nafnið útskýri meira heldur en Efnisveita eins og nú er.
5. Nokkuð rætt hvaða möguleiki eru í stöðunni fyrir dómara sem eru úti á landi að halda sínum réttindum þegar þeir hafa ekki tök á að mæta á SSÍ- eða alþjóðleg mót eins og kveðið er á um í reglum um dómara réttindi. Innan nefndarinnar er áhugi á að fara á þessa staði s.s. Ísafjörð, Egilsstaði o.fl., endurmennta dómara, aðstoða við mótahald og yrði það jafngilt veru dómara á SSÍ- og alþjóðleg mót á höfuðborgarsvæðinu eða Akureyri. Yrði

jafnframt um að ræða kynningu á SSÍ á landsbyggðinni. Að svo stöddu leggur nefndin ekki til breytingar á punktagjöf til dómara.

6. Nefndin er tilbúin til að sjá alfarið um að senda út dómgæslubeiðnir á SSÍ mót ef stjórn og skrifstofa SSÍ vilja. Myndi nefndin þá skipta með sér störfum og senda út dómgæslubeiðnir á dómara og formenn félaga með góðum fyrirvara og sjá um uppröðun á mótin sjálf.
7. Jón Hjaltason sýndi spjöld sem hann hefur útbúið til merkinga á dómurum. Verða þau kynnt stjórn SSÍ á næsta fundi hennar (8. október) og fáist samþykki munu svona spjöld verða afhent dómurum á ÍM25 í nóvember.
8. a. Fyrirspurn barst varðandi Team Reykjavík en til stendur að félög á Reykjavíkursvæðinu keppi saman t.d. á Bikarkeppni SSÍ undir merkjum ÍBR eða Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Nefndin er samhljóma um það að keppandi geti ekki bæði keppt undir merkjum ÍBR og merkjum síns eigin félags á sama móti og sama félag geti ekki sent t.d. 10 keppendur undir merkjum ÍBR og aðra 10 undir félagamerkinu. Gildi þessar reglur á hverju móti fyrir sig, þ.e. á næsta móti gætu keppendur því keppt undir merkjum síns félags ef það þætti eðlilegra.

b. Borist hafa tvær fyrirspurnir varðandi réttindi dómara sem dottnir eru af listanum. Mun þeim verða svarað af formanni nefndarinnar.

Í lok fundarins skoðaði nefndin ráspall sem var upp settur í Ásvallalaug. Er þar um að ræða pall með hnalli (fin) til að fá betri spyrnu á aftari fótinn í stungu í bringu-, skrið- og flugsund og einnig með sambærilegri viðbót fyrir baksundsstartið (backstroke footledge) sjá http://www.fina.org/H2O/index.php?option=com_content&view=article&id=4412&Itemid=1627 Er viðbótin hugsuð til að koma í veg fyrir að fótur sundmanns renni út undan sundmanni þegar hann stýngur sér.

Fundi slitið kl: 18.50. Næsti fundur: mánudaginn 3. nóvember kl. 17.15 í Laugardalslaug.